

Nr. 645.

1048

2. desember 1981.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 309 20. júní 1981, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 309/1981, eru allar loðnuveiðar bannaðar frá kl. 12,00 á hádegi 6. desember 1981, uns annað verður ákveðið.

Loðnuskipum þeim, sem við birtingu reglugerðar þessarar hafa ekki aflað 50% af því aflamagni, sem þeim var úthlutað í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 309/1981, er þó heimilt að halda áfram loðnuveiðum uns þau hafa aflað 50% leyfilegs aflamagns, en þó ekki lengur en til kl. 12,00 á hádegi 20. desember 1981.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Allar loðnuveiðar eru bannaðar austan 14° v.lgd. milli 66° n.br. og 67° n.br.

3. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. desember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.